225. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á Biskupsstofu við Borgartún 26 í Reykjavík

Þriðjudaginn 23. júní 2026.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Ágústa Erlingsdóttir framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Ingvar Stefánsson fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Smári Sigurðsson fulltrúi Kirkjuþings og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins voru Kári Bergsson starfsmaður kirkjugarðaráðs og Guðmundur Rafn Sigurðsson fyrrverandi framkvæmastjóri kirkjugarðaráðs.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 10:10.*
2. *Fundargerð 224. fundar lögð fram til samþykktar*. Fundargerðin var samþykkt.
3. *Kynning á nýjum leitarglugga Loftmynda.* Kári kynnti nýja kortavefsjá sem sýnir kirkjugarða landsins og legstæði innan þeirra. Rætt var um hvaða upplýsingar ætti að birta í vefsjánni sem og um framsetningu og notendaviðmót. M.a. að birta mætti heimagrafreiti og niðurlagða garða í sérstakri fitju eða merkja þá með sérstöku tákni. Að sama skapi mætti merkja duftker í legstæðum sérstaklega. Jafnframt að birta ætti fæðingardag og dánardag en ekki bara ártöl. Nú er verið að stilla liti og ákveða hvernig fitjur eru framsettar, hvað sést og hvaða upplýsingar koma fram í vefsjánni og hvað ekki. Kári óskar eftir endurgjöf frá kirkjugarðaráði og starfsfólki kirkjugarða. Samdómaálit er að kortavefsjáin sé til mikilla bóta og auki aðgengi að upplýsingum.
4. *Skýrsla um framkvæmdir styrkar af Kirkjugarðasjóði*. Guðmundur Rafn kom inn á fund og kynnti annan hluta skýrslu sinnar um framkvæmdir í kirkjugörðum landsins á starfstíma hans. Skýrslan fjallar um framkvæmdir á vegum Kirkjugarðasjóðs á höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandi og Vestfjörðum á árabilinu 1988-2024. Þegar hefur komið út skýrsla um Austurland og Suðurland og hafa 2/3 landsins hlotið umfjöllun. Verkið verður klárað með þriðju skýrslunni sem fjallar um Norðurland eystra og vestra. Kári og Guðmundur Rafn yfirgáfu fund að umfjöllun lokinni.
5. *Erindi vegna leiðis hjá KGRP.* Ingvar gerði grein fyrir ágreiningi aðila um hvort jarðsetja megi duftker nýlega látins manns í eldra legstæði ættingja hans. Kirkjugarðaráð fór yfir málið og fól formanni að svara erindinu með hliðsjón af lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993. Í 2. mgr. 7. gr. laganna er fjallað um jarðsetningu duftkerja og segir þar m.a. „Heimilt er að grafa kerin niður í grafarstæði eða leggja þau í leiði ef vandamenn […] óska þess.“ Skilgreining á hugtakinu „vandamenn“ í lögunum eru eftirlifandi maki, sambúðarmaki, börn hins látna eða aðrir niðjar, foreldrar eða systkin. Þar sem ósk vandamanna liggur ekki fyrir, þ.e. þess sem þegar hvílir í legstæðinu, þá skorti heimild fyrir því að grafa duftkerið í kistugröfina. Hins vegar bendir

kirkjugarðaráð á, að ef gætt sé ákvæða kirkjugarðalaga, sé heimilt að grafa duftkerið annars staðar í grafreitinn.

6. *Önnur mál.* Ragnhildur skýrði frá því að erindi Jónasarhópsins frá 8. maí hefði verið svarað með bréfi.
7. *Næsti fundur.* Fundað verður fimmtudaginn 20. ágúst 2026 kl. 10:00 á Biskupsstofu í Borgartúni 26.

Fundi var slitið kl. 12:00.